

13. nóvember kl. 8:30-12:00

Stöðumat á stefnumótun

Stöðumat á stefnumótun er heiti á vinnustofu þar sem þátttakendur munu leggja mat á stöðu stefnumótunar síns fyrirtækis áður en þeir koma á vinnustofuna. Matið er unnið með notkun viðhorfskönnunar á netinu, en kennari námskeiðsins mun senda hverjum þátttakanda könnunina viku fyrir vinnustofuna. Greiningin mun taka til margra þátta hvað stefnumótun varðar, svo sem vinnu við mótun hennar, innleiðingu, eftirfylgni og skipulags rekstrarins.

Á vinnustofunni verður unnið með niðurstöðurnar, þær greindar frekar, ræddar og metnar. Áhersla er á hagnýta nálgun við mótun og innleiðingu stefnu og ráðgjöf við þá þætti sem leitt geta til markvissari ákvörðunartöku á sviði stefnumótunar. Gætt verður að trúnaði við alla þátttakendur og einstaka niðurstöður ekki ræddar. Kjarni vinnustofunnar felst í því að kynna aðferðarfræði stefnumótunar og verkfæri hennar til að auðvelda stjórnendum og sérfræðingum greiningarvinnu og gerð stefnu með því að horfa til stöðu eigin fyrirtækis.

Leiðbeinandi: Dr. Þróstur Olaf Sigurjónsson



Þróstur er dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Copenhagen Business School.

Verð: kr.12.000,-.(kr. 6.000,-- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarnadis@atvinnurekendur.is

Tími: Fimmtudagur 13. nóvember kl. 8:30 – 12:00 (boðið er upp á léttan morgunverð áður en að námskeiðið hefst)

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

****Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.***